

Fundargerð 75. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: rafrænt á Teams

Tími: 1.2.2023 14:30

Viðstaddir: Hlökkver Stefán Þorgeirsson (HSP), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Sigurður Grétar Sigmarsson (SGM), Sigrún Tómasdóttir (ST), Baldur Dýrfjörð (BD)

Dagskrá:

1. Fundargerð 74. stjórnarfundar

Samþykkt. Því miður var upptaka fræðslufundarins 14. desember ekki vistuð.

2. Næsta málþing

HSP og SGS hittust og ræddu mögulega uppsetningu. Aldís hjá Jarðtæknifélaginu tilnefndi Jón Skúla til að flytja jarðtæknimiðað erindi. Tillagan er að hafa málstofuna með fimm erindum/þemum:

1. Skipulagssagan: sjálfkrafa flótti frá mýrarsvæðum
2. Jarðtæknilegar áskoranir
3. Þéttingarstefnan, hvað gerir mýrarsvæði í borgum eftirsóknarverð uppbyggingarsvæði
4. Fráveituáskoranir og tækifæri
5. Vistfræði og kolefnisbúskapur mýrarsvæða

Ekki er búið að festa fyrirlesara. HÓA bendir á að æskilegt væri að hafa fjölbreytileika í hópi fyrirlesara. HÓA bendir á að hugsanlega væru góðir fyrirlesarar í háskólasamfélaginu eða á Náttúrustofnun, bendir á að Hlynur Óskarsson hafi rannsakað kolefnisfótspor mýrlendis. SGS ræðir að gagnlegt væri að fá sjónarmið verkataka. HSP og SGS munu vinna þetta áfram og haldinn verður annar stjórnarfundur eftir hálfan mánuð.

Hver er markhópurinn: gott væri að leiða saman breiðan hóp, þverfagleg umræða um uppbyggingu þessara svæða. Rætt um að gott væri að hafa þessa málstofu í mars. Rætt um að við séum þegar búin að ræða þau atriði sem helst hefði komið til greina að fara yfir á málstofu á Degi Vatnsins tengt Accelerating change (lekaleit, mælavæðing, heimsókn í Gvendarbrunna fór yfir ýmislegt).

3. Önnur mál

Varðandi „accelerating change“ minnst HSP á nýsköpunardrifin innkaup og LIFE styrkjakerfið (sem er miðað að því að innleiða vatnatilskipunina) sem svör við því þegar sagt er að ekki sé hægt að bæta skólphreinsun. Hugsanleg umræðuefni fyrir dag klósettsins.

Rætt um hvort það væri gaman að halda fund til heiðurs Jónasi Elíassyni heitnum. Rætt að það væri sniðugt að hafa það þema á aðalfundinum í maí.

Fundi var slitið kl. 15:20. Fundarritari: Sigrún Tómasdóttir, sigrunto@or.is